




Varðar: Kjalarnes, hringvegur, 2. áfangi (breikkun Vesturlandsvegar) - framkvæmdaleyfi

Lögð fram umsókn Ingibjargar Guðmundsdóttur f.h. Vegagerðarinnar, dags. 13. maí 2025, um framkvæmdaleyfi fyrir 2. áfanga breikkunar Hringvegar á Kjalarnesi á milli Varmhóla og Hvalfjarðarvegar. 2. áfangi felur í sér breikkun á 5,6 km kafla Hringvegar frá Vallá að Hvalfjarðarvegi.

Einnig er lögð fram framkvæmdalýsing, dags. 13. maí 2025, verkeikningar, dags. 1. nóvember 2023, og fornleifarannsókn VG-Fornleifarannsóknna við bæjarstæði Ártúns á Kjalarnesi, skýrsla 89, dags. árið 2023.



Yfirlitsmynd framkvæmda.

Framkvæmdalýsing

Um er að ræða 2. áfanga breikkunar Hringvegar á Kjalarnesi á milli Varmhóla og Hvalfjarðarvegar. 2. áfangi felur í sér breikkun 5,6 km kafla Hringvegar frá Vallá að Hvalfjarðarvegi. Breikka á núverandi 2 akreina veg í 2+1 veg annars vegar og 2+2 veg hins vegar með aðskildum akbrautum. Í verkinu eru tvö hringtorg, tvenn undirgöng undir Hringveg, stálplötu- og steinsteypt, lenging einna stálplötu-undirganga, lenging steypsts stokks undir Hringveg, eftirlitsstaður og áningarstaður. Hliðarvegir og stígar eru einnig í verkinu og eitt stálplöturæsi gegnum hliðarveg. Fergja á vegstæði og stígstæði meðfram hliðarvegum, hluta ferginga fyrir 2. áfanga er lokið. Verkinu tilheyrja hljóðmön og hljóðveggur, ræsi, regnvatns-lagnir, veglýsing, lagnir fyrir upplýsingakerfi Vegagerðarinnar og breytingar á lögnum veitu-fyrirtækja. Nú er framkvæmdum við 1.áfanga, 4,1 km frá Varmhólum að Vallá lokið og stefnt er að því að 2. áfangi framkvæmda verði boðin út haustið 2025.

Framkvæmdaáætlun:

Verkhyluti 7.1 – Athafnasvæði.

Í þessum hluta eru almennir liðir sem tilheyrja heildarverkinu og eru ekki sundurliðaðir niður á aðra hluta verksins.

Verkhyluti 7.2 - Fylling/ferging.

Í þessum verkhyluta er um að ræða fergingu vegna Hringvegar, hliðarvega og stíga. Einnig tilheyrir verkhylutanum gerð framræsluskurða og grjótræsa auk fyllinga í skurði sem eiga að

leggjast af. Inni í þessum verkhluta er fylling, þ.e. fyrst er fyllingu keyrt út og svo farg ofan á fyllinguna, þetta tvennt getur skarast. Samhliða uppbyggingu hliðarvega fjallsmegin verður göngu-/hjólástígur lagður í að jafnaði 1,5 m fjarlægð frá axlarbrún hliðarvega. Feringar þar sem þeirra er þörf verða bæði í vegstæði hliðarvegar og stíga. Meðfram hliðarvegi sjávarmegin er ekki gert ráð fyrir stíg og því aðeins fergt fyrir vegstæði hliðarvegar eftir þörfum og fyrirsmælum.

Verkluti 7.3 - Hringvegur, vegagerð.

Í þessum hluta er um að ræða alla malbikaða vegi og plön. Það er breikkun núverandi Hringvegar, gerð tveggja hringtorga við Brautarholtsveg annars vegar og Hvalfjarðarveg hins vegar auk malbikaðra tengivega frá hringtorgum að hliðarvegum. Eftirlits- og áningarstaður við Hringveg er einnig innifalinn í þessum hluta ásamt vegum innan Grundarhverfis, þ.e. Vallar-grund (veglna 67000, Brautarholtsvegur (veglna 63000) og tenging 2 að bensínstöð (veglna 63100). Um er að ræða breikkun Hringvegar u.þ.b. á milli stöðva 22250 og 27500. Á kaflanum eru lagðar ein til tvær akreinar á nýjum aðskildum vegi í átt til Hvalfjarðar. Núverandi Hringvegur heldur sér að undanskildum tæplega 1 km kafla framhjá Grundarhverfi, milli st. ca 22350 og 23200 þar sem Hringvegur fær nýja legu. Einnig eru aðlögunarkaflar við hringtorgin tvö við stöð 23700 og 27200 hvor um sig um 200 til 300 m langir þar sem endurgera þarf núverandi veg að hluta og tvenn undirgöng, við st. 23630 og 25650 þar sem taka þarf núverandi veg í sundur og endurgera. Nálægt Blikdalsá, eða milli stöðva 26450 og 26650, er nýr vegur nálægt fornminjum sem taka þarf sérstakt tillit til. Hringtorg við Grundarhverfi og Hvalfjarðarveg eru tveggja akreina með þvermál 58 m. Miðja hringtorga er með hellulögðu 2 m breiðu yfirkeyrslusvæði og þökulögn og sáningu í miðju. Ræsi, regnvatnslagnir, upplýsingakerfi Vegagerðarinnar, uppsetning á veglýsingu, vegriðum, skiltum o.fl., yfirborðsmerkingar, þökulögn og sáning er inni í verkhutanum.

Verkluti 7.4 - Hliðarvegir, vegagerð.

Í þessum hluta er um að ræða gerð hliðarvega og tenginga við heimreiðar ásamt lagningu göngu- og hjólástíga og reiðstíga. Hliðarvegir eru ýmist tvíbreiðir lagðir klæðingu eða ein-breiðir með malarslittlagi og útskotum. Hliðarvegir sem teljast til verksins eru: Esjuvegur (457-01) lagður fjallsmegin frá undirgöngum við Saltvík og að nýju hringtorgi við Grundarhverfi. Vegkaflinn er um 2.800 m langur og liggur að hluta í vegstæði núverandi Esjuvegar og að hluta til í vegstæða núverandi Hringvegar, en skipt verður um slittlag og burðarlag eftir þörfum á þeim kafla. Hliðarvegur fjallsmegin norður af Grundarhverfi heldur áfram til norðurs þar sem Esjuvegur endar. Kaflinn er skilgreindur með 4 m vegbreidd og 2 m útskotum með ákveðnu millibili. Kaflinn sem um ræðir er frá hringtorgi við Grundarhverfi og nær upp að nýjum undirgöngum við Arnarhamar það sem hann tengist inn á núverandi slóða upp að hestamannasvæði. Vegkaflinn er um 1.940 m langur (St. 5355-7295). Bakkavegur (4719-01) lagður sjávarmegin frá heimreið að Bakka og að nýju hringtorgi við Hvalfjarðarveg. Veglínan nær þvert yfir hringtorg og endar inn á Hvalfjarðarvegi. Kaflinn er um 1.600 m langur (St. 1010- 2612). Hliðarvegur sjávarmegin suður af heimreið að bænum Bakka lagður milli Bakka í norðri og enda við túntengingu til suðurs. Kaflinn er skilgreindur með 4 m vegbreidd og 2 m útskotum með ákveðnu millibili. Vegkaflinn er 1.010 m langur (St. 0-1010). Í Grundarhverfi verður vegstæði Vallargrundar við Klébergsskóla fært til vesturs á um 100 m kafla. Þar að auki verður Brautarholtsvegur lagður í nýrri legu norðan við núverandi legu og tengdur við nýtt hringtorg. Að lokum færast tenging inn að Esjuskála norðar með Brautarholtsvegi. Stígar sem teljast til verksins eru: Gert er ráð fyrir að í lok verks verði óslitinn göngu-/hjólástígur fjallsmegin á öllum útboðs-kaflanum. Reiðstígar verða nýlagðir á hluta kaflans með tengingu við reiðleið sem gert er ráð fyrir að verði að mestu leiti nær Esjurótum. Reiðstígar meðfram Skriðu-/Esjuvegi frá Varmhólaundirgöngum að Saltvíkurundirgöngum (1. áfangi) verður inni í útboði fyrir 2. áfanga. Göngu- og hjólástígur meðfram Esjuvegi, hefst við

undirgöng við Saltvík og fylgir Esjuvegi að Grundarhverfi og þaðan áfram til norðurs meðfram hliðarvegi allt að Arnarhamri þar sem stígur þverar hliðarveg og liggur að nýjum stálbogaundirgöngum við Arnarhamar með möguleika á að þvera Hringveg. Vonir eru bundnar við að nýr göngu- og hjólastígur frá Arnarhamri mun liggja óslitinn allt að Hvalfjarðarvegi þar sem hann er tengdur inn á vegöxl núverandi Hvalfjarðarvegar. En þess skal þó getið að ekki hefur fengist land undir stíginn alla leið frá Arnarhamarsundirgöngum og inn í Hvalfjörð. Stígur um ný stálbogaundirgöng við Arnarhamar verður skipt í annars vegar göngu-/hjólastíg og hins vegar reiðveg. Stígar í undirgöngum verða með malarslitlagi. Í og við Grundarhverfi er um að ræða annars vegar stíg um undirgöng við Vallá sem verða framlengd undir Hringveg og hins vegar stíg um ný steipt undirgöng til móts við Esjuskála norðan Grundarhverfis. Í báðum tilvikum er um að ræða malbikaðan göngu- og hjólastíg. Upp frá undirgöngum til móts við Esjuskála verður lagður stígur vestan skálans og meðfram Vallargrund og tengist þar við stígakerfi við núverandi upphækkaða göngupverun. 12 tengingar (stútar og í sumum tilfellum breikkanir) við hliðarvegi, heimreiðar og tún eru í verkhlutanum. Áningarstaður verður á Hringvegi, fjallsmegin milli stöðva 25950 og 26120. Malbikað útskot með bílastæðum fyrir áningarstaðinn tilheyrir verkhluta 8.3 Hringvegur, vegagerð. Hljóðmön og hljóðveggur, ræsi, girðingar, uppsetning á skiltum o.fl., yfirborðsmerkingar, stígalýsing, þökulögn, sáning og útjöfnun gamalla vega eru í verkhlutanum.

Verkluti 7.5 - Lenging undirganga við Vallá (A-2734).

Í þessum hluta er lenging undirganga úr stálplöturæsi fyrir gangandi og hjólandi undir Hringveg við Vallá. Núverandi undirgöng fyrir gangandi og hjólandi umferð við Vallá til Klébergsskóla verða framlengd. Undirgöngin eru gerð úr samsettum stálplötum. Grafið verður frá vestari enda núverandi undirganga. Sá hluti vestari enda núverandi undirganga sem er skáskorinn verður skrúfaður/skorinn af og röri, sem hefur sambærilegt form en stærra, verður þrætt upp á minna rörið. Jarðvegsdúki komið fyrir, fyllt er að rorum að nýju 3 til að fá fram formbreytingu nýs rörs. Endað er á því að steypa í bilið milli röranna og steypa kraga á enda nýs rörs. Framlenging stálplöturæsis er um 32 m löng neðst og rörið er skáskorið í annan endann. Grafa þarf nálægt kanti núverandi Hringvegar. Göngin ná stutt út úr vegfyllingunni vestan megin. Göngin verða úr bogalaga og báruðum galvanhúðuðum stálplötum sem boltaðar verða saman í rör sem lagt verður á pakkaða formaða fyllingu. Verkkaupi mun leggja til efni í göngin, nauðsynlegar festingar, samsetningarefni og leiðbeiningar um uppsetningu og frágang. Steypa skal kraga utan um gangnamunna vestan megin. Kragi er staðsteiptur og festist við bårustál með boltum. Leggja skal vatnspéttidúk í fyllingu yfir göngunum og splæsa nýjum dúk við dúk yfir núverandi undirgöngum. Gera skal grjóthleðslu við vestari enda. Verklutanum tilheyra jarðvatnslagnir, ofanvatnslagnir og svelgir í göngustíg og undirgöngum. Jarðvatnslagnir tengjast jarðvatnslögnum núverandi undirganga og 500 frárennslirör framlengist. Einnig er endurnýjun lýsingar í núverandi undirgöngum og lýsingar í framlengingu innifalin.

Verkluti 7.6 - Undirgöng við Esjuskála (A-2735) og stoðveggir.

Í þessum hluta er gerð steyptra undirganga fyrir gangandi og hjólandi undir Hringveg við Esjuskála. Vinnan skiptist niður í undirgöngin og síðan stoðveggina sem tengjast við undirgöngin. Undirgöngin verða staðsteipt og járnbent. Undirstöður munu sitja á fyllingarpúða. Innri brún undirganga er með 18 mm báruklæðningar áferð. Þar sem grafið er í gegnum núverandi veg þarf að fjarlægja malbik og farga. Verklutanum tilheyra jarðvatnslagnir, ofanvatnslagnir og svelgir í göngustíg og í undirgöngum ásamt ofanvatnslögn meðfram Hringvegi fyrir afvötnun undirganganna. Einnig eru vegrið og lýsing í undirgöngum innifalin í verkhlutann. Heildarbreidd ganganna er 4,5 m og heildarlengd tæplega 22 m.

Verkhliuti 7.7 - Undirgöng við Arnarhamar (A-2736).

Í þessum hluta er gerð undirganga úr stálplöturæsi fyrir gangandi, hjólandi og ríðandi undir Hringveg í námunda við Arnarhamarsrétt. Stálplöturæsið er um 39 m langt neðst og eru fláar á því beggja megin. Rjúfa þarf núverandi Hringveg og grafa fyrir göngunum. Göngin ná stutt út úr vegfyllingunni beggja vegna. Steypa þarf undirstöður sem liggja samsíða undirgöngum. Undirstöður verða staðsteyptar og járnbentar. Undirstöður munu steypast á klöpp og festast við klöpp með bergboltum. Göngin verða úr bogalaga og báruðum galvanhúðuðum stálplötum sem boltaðar verða saman í boga sem festur verður í steypa undirstöðu. Verkkaupi mun leggja til efni í göngin, nauðsynlegar festingar, samsetningarefni og leiðbeiningar um uppsetningu og frágang. Þar sem grafið er í gegnum núverandi veg þarf að fjarlægja malbik og farga. Steypa skal kraga utanum gangnamunna beggja vegna. Kragi er staðsteyptur og festist við bårustál með boltum. Leggja skal vatnspéttidúk í fyllingu yfir göngunum. Gera skal grjóthleðslur til beggja enda. Verkhlutunum tilheyra jarðvatnslagnir, ofanvatnslagnir og svelgir í göngustíg og í undirgöngum ásamt ofanvatnslögn meðfram Hringvegi fyrir afvötnun undirganganna. Einnig er lýsing í undirgöngum innifalin í verkhlutunum.

Verkhliuti 7.8 - Lenging stokks yfir Blikdalsá (A-1748) 4.

Í þessum hluta er lenging steypst stokks. Núverandi stokkur undir Hringveg yfir Blikdalsá verður framlengdur til austurs. Vestari endi stokks helst óbreyttur. Núverandi stokkur var byggður 1979. Bora skal tengijárn í núverandi skáskorinn enda og stokkur með sama þversniði steypdur í sömu stefnu og núverandi stokkur. Hreinsa þarf að klöpp í árfarvegi og nýjar undirstöður steypar og boltaðar í klöpp með bergboltum, gera skal ráð fyrir vatnaveitingum. Nýr bogi verður steypdur milli undirstaða yfir ánni. Framlenging stokks er um 20 m löng. Áin mun renna inn í stokkinn undir töluverðu horni og gera/setja þarf töluverðar rofvarnir á syðri bakka árinna til að hindra það að hún grafi sig inn í landið og bakvið stokk. Einnig eru rofvarnir á norðurbakkanum til að hindra að áin grafi sig inn í fyllingu vegar. Rofvörn mun ná upp í topp á stokk.

Verkhliuti 7.9 - Ræsi fyrir Blikdalsá gegnum Bakkaveg (A-2737).

Í þessum hluta er gerð stálplöturæsis gegnum Bakkaveg yfir Blikdalsá. Stálplöturæsið er um 26 m langt neðst og eru fláar á því beggja megin. Ræsið er undir nýjan hliðarveg, Bakkaveg. Göngin ná stutt út úr vegfyllingunni beggja vegna. Steypa þarf undirstöður sem liggja samsíða undirgöngum. Undirstöður verða staðsteyptar og járnbentar. Undirstöðurnar verða grundaðar á klöpp og festar með bergboltum. Undirstöður eru steypar í/við Blikdalsá og gera þarf ráð fyrir vatnaveitingum. Rofvarnir verða gerðar ofan- og neðan straums. Göngin verða úr bogalaga og báruðum galvanhúðuðum stálplötum sem boltaðar verða saman í boga sem festur verður í steypa undirstöðu. Verkkaupi mun leggja til efni í bogagöngin, nauðsynlegar festingar, samsetningarefni og leiðbeiningar um uppsetningu og frágang. Leggja skal vatnspéttidúk í fyllingu yfir göngunum.

Verkhliuti 7.10 - Eftirlitsstaður.

Í þessum verkhluta er um að ræða útvegum og niðurstæðingum eftirlitshúss, tengingu eftirlitshúss við heimtaugar, staðsteypu þriggja platna fyrir búnað, nýja gryfju fyrir niðurgrafna vog og færslu núverandi vogar í nýja gryfju. Innifalið eru raflagnir, ídráttarrör og rafkerfi vogar, upplýsingarskilti ásamt svæðislýsingu á eftirlitsstað. Jarðvinna, malbik, skilti, vegrið og yfirborðsmerkingar eftirlitsstaðarins tilheyra verkhluta 8.3. Áningarstaður austan við eftirlitsstað tilheyrir einnig verkhluta 8.3, en búnaður eftirlitsstaðar og hellulagt svæði áningarstaðar með götugögnum tilheyrir öðrum verkhlutum.

Verkhliuti 7.11 - Upplýsingakerfi Vegagerðarinnar.

Í þessum verkhluta er um að ræða jarðvinnu fyrir upplýsingakerfi Vegagerðarinnar vegna strenglagna að upplýsingarbúnaði og uppsetningu mastra fyrir myndavél og upplýsingarskilti, uppsetning á lokunarhlíðum og uppsetning á grind umferðargreinis. Í þessum verkhluta er einnig umsókn á ljósleiðaraheimtaug.

Verkhliuti 7.12 - Veitufyrirtæki, jarðvinna fyrir sameiginlega skurði.

Í þessum verkhluta er um að ræða jarðvinnu fyrir sameiginlega skurði fyrir miðla Veitna og annarra veitufyrirtækja vegna nýlagna og breytinga sem gera þarf á kerfum Veitna.

Verkhliuti 7.13 - Veitur, kaldavatnslagnir.

Í þessum hluta er um að ræða lagningu stofna og dreifikerfis vatnsveitu, færslu á núverandi og uppsetningu á nýjum brunahönum og lokum. Núverandi 0315 vatnsveitustofn, brunahanar, heimæðar og tengingar við vatnsból Grundarhverfis eru í uppnámi vegna lagningar og feringar nýs Hringvegar og hliðarvega milli stöðva 22950 til 23750 og við undirgöng við Arnarhamar st. 25630-25660. Því er verkinu áfangaskipt með tilliti til rekstrar vatnsveitu. Miðað er við að tvær lokanir verði hjá notendum vatnsveitunnar vegna verksins og er fyrsta lokun áætluð seint í áfanga 1. Takmarkanir eru á verkröðun vegna núverandi lagna sem þarf að færa, breyta eða vinna í kringum. Í áfanga 1 verður línuborað undir núverandi Hringveg við Klébergsskóla og jarðvegsskipt fyrir nýja þverun undir Hringveg ásamt bráðabirgðatengingu við núverandi stofn undir Esjuveg. Nýr stofn verður lagður meðfram göngustíg við Esjuveg og bráðabirgðatenging við núverandi stofnlögn lögð. Þá verður dreifilögn lögð í þverun Hringvegar, meðfram færslu á Vallagrund að heimæð við Klébergsskóla. Einnig verða tveir brunahanar færðir. Eftir þessar breytingar er hægt að vinna við feringar á Esjuvegi og Hringvegi við Litlu Vallá og Klébergsskóla án þess að stofnlögn eða heimæð sé í uppnámi. Tengt verður inn á núverandi stofn á tveimur stöðum og heimæð við Klébergsskóla ásamt tengingu við vatnsból Grundarhverfis með tilheyrandi lokun hjá notendum. Í áfanga 2, eftir að feringum á Esjuvegi og hluta af Brautarholtsvegi er lokið (áætlað í lok áfanga 1) er unnið að lagningu vatnsveitustofna meðfram Esjuvegi og Brautarholtsvegi, ný þverun undir 5 núverandi Hringveg framkvæmd við nýtt hringtorg með línuborun og jarðvegsskipt undir þverun á nýjum Hringvegi og nýr brunahani við Esjuveg settur upp við tengingu að vatnsbóli. Ekki má byrja feringar á Hringvegi á bilinu 23100-23600 fyrr en rekstur nýs vatnsveitustofns í Esjuvegi og Brautarholtavegi hefur verið hafin og eldri stofn aflagður. Einnig þarf að leggja og tengja nýjan stofn út fyrir feringar við heimreið að Vallá. Þá þarf að færa til stofn við undirgöng við Arnarhamar 25630-25660 en sú lokun getur verið óháð lokun inn í Grundarhverfi.

Verkhliuti 7.14 - Veitur, hitaveitulagnir.

Í þessum verkhluta er um að ræða lagningu hitaveitustofna, ganga frá lokum og tengingum við núverandi lagnir. Núverandi hitaveitustofnar og heimæðar eru í uppnámi vegna lagningar og feringar nýs Hringvegar og hliðarvega á milli stöðva 22870-23070 og við Brautarholtsveg er því verkinu áfangaskipt með tilliti til rekstrar hitaveitu. Takmarkanir eru á verkröðun vegna núverandi lagna sem þarf að færa, breyta eða vinna í kringum. Miðað er við tvær lokanir hjá notendum hitaveitunnar vegna verksins og er fyrsta lokun áætluð snemma í enda áfanga 1. Mikilvægt er að lokanir hitaveitu gerist ekki að vetrartíma og að lofthiti sé að jafnaði yfir X° C í 10 daga veðurspá Veðurstofu Íslands. Í áfanga 1 verður línuborað undir núverandi Hringveg við Klébergsskóla og jarðvegsskipt fyrir nýja þverun undir Hringveg og Esjuveg. Lagður verður nýr stofn meðfram göngustíg við Esjuveg með tengingu við núverandi stofn við munna núverandi undirgangna við Vallá. Hitaveitustofn verður lagður í þverun Hringvegar og meðfram færslu á Vallagrund að heimæð við Klébergsskóla þar sem tengt verður við núverandi stofn við innkeyrslu að skólanum. Tengt verður inn á núverandi stofn á tveimur stöðum með tilheyrandi lokun hjá notendum. Í

áfanga 2, eftir að feringum á hluta af Brautarholtsvegi er lokið (áætlað í lok áfanga 1) er unnið að lagningu hitaveitustofns meðfram Brautarholtsvegi. Ekki má byrja feringar á Brautarholtsvegi þar sem núverandi hitaveitustofn þverar nýja aðrein að hringtorgi fyrr en rekstur nýs hitaveitustofns í Brautarholtavegi hefur verið hafin og eldri stofn aflagður. Þá þarf að færa til stofn við undirgöng við Arnarhamar st. 25630-25660 en sú lokun getur verið óháð lokun inn í Grundarhverfi.

Verkhliuti 7.15 - Veitur, raflagnir.

Í þessum hluta er um að ræða lagningu ídráttarröra, jarðstrengja og jarðvírs ásamt því að fjarlægja eldri strengi. Þá þarf að útbúa vegslóða og jarðvinnu vegna færslu á dreifistöðum. Núverandi háspennustrengir eru í uppnámi við undirgöng við Vallá vegna lagningar og feringar nýs Hringvegjar og hliðarvega og er því verkinu áfangaskipt með tilliti til rekstrar rafveitu. Takmarkanir eru á verkroðun vegna núverandi strengja og dreifistöðva sem þarf að færa, breyta eða vinna í kringum. Línuborað verður undir núverandi hringveg við Klébergsskóla og jarðvegsskipt fyrir nýja þverun undir hringveg og Esjuveg. Í áfanga 1 verður sett upp ný dreifistöð við Gil og strengir lagðir frá undirgöngum við Vallá að nýrri dreifistöð og einnig verður þverað undir hringveg með strengi að tengipunktum við skólann. Í áfanga 2 eftir að feringum á hluta af Brautarholtsvegi er lokið (áætlað í lok áfanga 1) er unnið að lagningu strengja frá dreifistöð við Hofsgund meðfram Brautarholtsvegi að nýjum jarðstreng meðfram hringveginum norðan Grundarhverfis. Þar verða strengir plægðir í jörðu og loftlína aflögð og þarf að meta hvort þurfi að forplægja og eða leggja strengi í skurði og skal það gert í samráði við eftirlit.

Verkhliuti 7.16 - Ljósleiðarinn, fjarskiptalagnir.

Í þessum hluta er um að ræða lagningu heimtaugaröra GR, ídráttarröra og niðursetningu á brunnum.

Verkhliuti 7.17 - Míla, fjarskiptalagnir.

Í þessum hluta er um að ræða lagningu ídráttar- og fjölpípuröra Mílu ásamt brunnum


Framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd

Erindið er framkvæmdaleyfisskyld skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar, þar sem um er að ræða nýjan veg og enduruppbyggingu vegar. Framkvæmdin telst meiriháttar með ákveðnum umhverfisáhrifum og felur í sér breytingar á ásjúnd. Jafnframt er tímalengd verkefnisins þess eðlis að langur framkvæmdatími mun valda íbúum í nágrenninu sem og vegarendum töluverðu raski. Auk þess er um að ræða umhverfismatsskylda framkvæmd.

Umhverfismat

Lögð var fram matsskýrsla um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar af hálfu Vegagerðarinnar 6. maí 2020. Sama ár var lögð fram frummatsskýrsla um mat á umhverfisáhrifum vegna breikkunar Vesturlandsvegjar og var verkefnið auglýst og kynnt opinberlega. Í matsskýrslunni kemur fram ítarleg lýsing á framkvæmdinni allri sem mun fara fram á um 9 km kafla. Þessi kafli framkvæmdar, sem varðar þessa tilteknu umsókn, er 5,6 km á lengd. Í matinu var tekið á ýmsum þáttum sem valda umhverfisáhrifum, þ.á.m. landnotkun, gróður og vistgerðir, fuglalíf, landslag og ásjúnd, menningarminjar, hljóðstig, umferðaröryggi. Jafnframt koma þar fram upplýsingar um skipulag og leyfisveitingar, en framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulagi Reykjavíkur og deiliskipulagsáætlanir á svæðinu. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi frá Reykjavíkurborg, skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi, en jafnframt öðrum leyfum m.a. frá Fiskistofu og Minjastofnun Íslands auk starfsleyfis frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Niðurstaða umhverfismatsins var sú að Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt. Um sé að ræða umfangsmikla uppbyggingu vegamannvirkja en framkvæmdasvæðið geti þó vart talist viðkvæmt m.t.t. áhrifa á flesta náttúrufarsþætti. Mestu neikvæðu áhrif framkvæmdar felast í áhrifum á landslag og ásýnd og upplifun á svæðinu, þar sem framkvæmdin felur í sér mun umfangsmeiri vegamannvirki en fyrir eru í dag. Áhrif á gróður eru nokkuð neikvæð vegna umfangs rasks, en með því að viðhafa boðaðar mótvægisáðgerðir má draga úr neikvæðum áhrifum á menningarminjar þannig að þau áhrif verði nokkuð neikvæð. Gera má ráð fyrir að með mótvægisáðgerðum þá teljist hljóðstig innan viðmiðunarmarka reglugerðar um hávaða þannig að þau áhrif verða líkast til óveruleg. Áhrif á landnotkun verða nokkur vegna rasks á landbúnaðarlandi, en að áhrif á umferðaröryggi verði talsvert jákvæð.



Landnotkun skv. aðalskipulagi Reykjavíkur

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 samþykkt í borgarstjórn 21. desember 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Framkvæmdasvæðið er innan skilgreinds landnotkunarflokks fyrir stofnveg, þ.e. Vesturlandsveg. Um skilmála þar að lútandi segir: „Vegir, götur, helstu göngu-, reið- og hjólastígar og tengd mannvirki, þ.m.t. mislæg gatnamót, undirgöng og göngubrýr og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegir utan þéttbýlis.“

Í skilmálum Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 um markmið fyrir borgarhlutann Kjalarness, eru m.a. tilgreind áform um endurskipulagningu og uppbyggingu Vesturlandsvegar. Sú uppbygging felst í gerð mislægra vegamóta í framtíðinni og að tryggðar verði öruggari, greiðari og vistvænni samgöngur innan borgarhlutans með endurbótum á Vesturlandsvegi og síðar með gerð Sundabrautar. Jafnframt er eitt af skilgreindum markmiðum AR2040 að byggja upp göngu-, hjóla- og reiðstígakerfi sem verði hluti af heildstæðum stígakerfum borgarinnar. Í samgöngukafla aðalskipulagsins kemur fram að Vesturlandsvegur verði endurbættur með það að markmiði að auka umferðaröryggi og greiða umferð. Á skipulagstímabilinu er stefnt að 2+1 vegi og fækkun tenginga við þjóðveg með gerð hliðarvega.

Deiliskipulag/Hverfisskipulag

Í gildi er deiliskipulagsáætlun fyrir Vesturlandsveg, dags. samþ. 7. júní 2018 í Borgarráði m.s.br. Síðasta deiliskipulagsbreyting dags. samþ. 2. júlí 2021 í skipulags- og samgönguráði. Sú breyting fólst m.a. í færslu skipulagsmarka á nokkrum stöðum og þá eru áætluð akstursundirgöng sunnan Grundarhverfis felld niður. Jafnframt eru almennar stígabreytingar og svæði fyrir hljóðvarnir skilgreindar o.fl. Helstu viðfangsefni deiliskipulags Vesturlandsvegar eru að vegurinn verði endurbættur með það að markmiði að auka umferðaröryggi, greiða fyrir umferð og fækka tengingum á veginn með gerð hliðarvega til að fækka tengingum við stofnvegin. Meðal framkvæmda er að gerður verði 2+1 vegur (tekið frá rými fyrir 2+2 veg til lengri framtíðar) ásamt uppbyggingu fjögurra hringtorga við Esjumela, Móa, Grundarhverfi og við Hvalfjarðarveg. Skoðaðar voru hjóla- og gönguleiðir ásamt reiðleið í gegnum svæðið en þær lausnir eru ekki alltaf innan marka deiliskipulagsins. Með mikilli fækkun tenginga og breikkun í 2+1 er gert ráð fyrir að auka megi öryggi vegarins og þar með draga úr slyshættu. Deiliskipulagið nær yfir um 14 km kafla frá Hvalfjarðarvegi í norðri og að sveitarfélagsmörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar í suðri. Fyrirhugaðar framkvæmdir við heildarbreikkun vegarins ná til um 13 km kafla frá Hvalfjarðarvegi að Esjumelum í núverandi vegastæði Vesturlandsvegar.

Niðurstaða

Ekki er lagst gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi á grundvelli heimilda í gildandi aðal- og deiliskipulagsáætlun, m.s.br., fyrir Vesturlandsveg sbr. er rekið er að ofanverðu. Um er að ræða annan áfanga (5,6 km) af tvöföldun Vesturlandsvegar og tengdum framkvæmdum af samþykktu skipulagi. Framkvæmdin fór í umhverfismatsferli og niðurstaða staðfest og birt af Skipulagsstofnun í júní 2020.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki innan fjögurra ára eða í lok árs 2029 en leyfið er gefið út fram á mitt ár 2030, þ.e. til 20. júní 2030 m.t.t. lokafrágangs ef þess þarf. Hins vegar er æskilegt að staðið verði við uppgefin verktíma eins og hægt er. Virða skal allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við svæðið þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu raski eins og mögulegt er. Einnig skal tryggja að vinnusvæði sé snyrtilegt og tryggja þar sem um er að ræða borgarland við fyrirhugaða framkvæmd, t.d. þá með því að setja upp girðingar, merkingar, tæki o.fl. skal framkvæmdaleyfishafi afla framkvæmdaheimildar hjá skrifstofu rekstur og umhirðu á Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum, sem og ef framkvæmdir stoppast yfir lengri tíma í miðju verki. Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdatími: Framkvæmdatími er áætlaður frá lok árs 2025 til loka árs 2029.

Framkvæmdaleyfið er gefið út til rúmlega 5 ára frá útgefnum degi í samræmi við framkvæmdaáætlun, þ.e. frá 1. ágúst 2025 til 30. júní 2030. En verði séð fram á breytingar á

áætlun, þ.e. ef framkvæmdir tefjast að verulegu leyti þá þarf að sækja um endurnýjað framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdaleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum: Taka skal tillit til þess að framkvæmdasvæðið er við umferðarmikinn stofnveg; þjóðveg 1. Því skal virða allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við stofnveginn og nærliggjandi svæða þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu truflun/raski og hægt er. Einnig skal tryggja að vinnusvæði sé snyrtilegt vegna viðkvæmrar staðsetningar þess.

Setja þarf upp upplýsingaskilti við framkvæmdastað sem lýsir fyrirhugaðri framkvæmd á myndrænan hátt ásamt því að vera með upplýsingar um framkvæmdatíma og tengilið sem getur veitt nánari upplýsingar um framkvæmdina sjálfa.

Áður en framkvæmdir hefjast þarf að upplýsa alla hagaðila næst framkvæmdastað bréflega um framkvæmdina þar sem gerð er grein fyrir framkvæmdinni á uppdrætti henni lýst í stuttu máli og gefnar upp upplýsingar um upphaf framkvæmda og áætluð verklok.

Leitast skal við að lágmarka neikvæð áhrif eins og unnt er. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að mengandi efni berist frá framkvæmdum t.d. af völdum olíu og annarra efna sem geta losnað út í umhverfið meðan á framkvæmdum stendur. Jafnframt að framkvæmdaaðilar séu vel upplýstir um umhverfismál áður en framkvæmdir hefjast.

Þar sem leyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki o.fl. skal framkvæmdaleyfishafi afla afnotaleyfis af borgarlandi hjá umhverfis- og skipulagssviði. Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum sem og ef framkvæmdir stoppast yfir lengri tíma í miðju verki.

Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur SFFÍ og verkefnastjóri.